

1. SAMANTEKT LÝSINGAR

(A) Inngangur og aðvörun

Þessi samantekt skal lesin samhliða lestri á allri skráningarlýsingunni („lýsingin“). Þessi lýsing tengist töku til viðskipta og skráningar á Íslandi af Fly Play hf., stofnað og skráð á Íslandi þann 7. mars 2019, með skráðar höfuðstöðvar að Suðurlandsbraut 14, 108 Reykjavík og skráð undir auðkenni lögaðila (“LEI”) 6488JA9V5773X03XRQ10 (“útgefandi”, “Play” eða “félagið”), á hlutabréfum, hvert að nafnvirði 1 kr. með alþjóðlegt ISIN-verðbréfaeinkenni (“ISIN”) IS0000032936 samtals að 1,891,598,895 hlutir (“hlutirnir”) (“taka til viðskipta”) á skipulegum markaði á Íslandi sem starfræktur er af Nasdaq á Íslandi (“Nasdaq Iceland”).

Lýsingin hefur verið staðfest þann 1. ágúst 2024 af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands („FME“) sem er lögbært yfirvald samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og -ráðsins (ESB) 2017/1129 frá 14. júní 2017, um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulögðum markaði og sem kemur í stað tilskipunar 2003/71/EB, með áorðnum breytingum („lýsingarreglugerðin“).

FME er með skráð heimilisfang að Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, Íslandi, og með skráð símanúmer + 354 569 9600.

Fjárfestar skulu byggja allar ákvarðanir um fjárfestingu í hlutabréfunum á lýsingunni í heild sinni. Fjárfestar í hlutabréfunum skulu vera meðvitaðir um að þeir kunna að tapa hluta af eða öllu því fé sem þeir fjárfesta. Komi til þess að krafa sem byggð er á lýsingunni komi til kasta dómstóla, kann fjárfestir sem höfðar slíkt mál í samræmi við landslög, að þurfa að bera kostnað af því að þýða lýsinguna áður en slíkur málarekstur hefst. Einkaréttarleg ábyrgð fellur eingöngu á þá aðila sem lögðu fram samantektina, þar með taldar þýðingar á henni, og einungis ef hún er villandi, ónákvæm eða ósamræmi gætir við aðra hluta lýsingarinnar eða þar sem hún ásamt öðrum hlutum lýsingarinnar veitir ekki lykilupplýsingar til aðstoðar fjárfestum við mat á fjárfestingu í hlutabréfunum.

(B) Lykilupplýsingar um útgefandann

B.1 Hver er útgefandi verðbréfanna?

Heimilisfesti og félagaform. Útgefandi hlutanna er Fly Play hf., stofnað og skráð á Íslandi þann 7. mars 2019, með skráðar höfuðstöðvar að Suðurlandsbraut 14, 108 Reykjavík og skráð undir auðkenni lögaðila (“LEI”) 6488JA9V5773X03XRQ10.

Megin starfssvið: Útgefandi starfrækir lággjalda flugfélaga með aðalstöðvar í Keflavík. Útgefandi rekur 10 Airbus A321neo Family flugvélar. Leiðarkerfi útgefanda tengir saman Ísland við helstu borgir Evrópu og vinsæla áfangastaðir frá Íslandi og stórborgir í norður Ameríku og notfærir sér hagstæða landfræðilegalegu til að reka aðalstöðvar á Keflavíkurlflugvelli.

Helstu hluthafar: Miðað við þann 30. júní 2024 áttu félög sem eru tengd eða undir stjórn Einars Arnar Ólafssonar, forstjóra félagsins, samtals 10,83%¹ af hlutum í útgefanda, félög sem eru tengd eða undir stjórn, Elíasar Skúla Skúlasonar, varaformanns stjórnar útgefanda, samtals 7,14%² af hlutum í útgefanda, Birta lífeyrissjóður átti 9,62% og Stoðir hf. 5,82%. Aðrir hluthafar eiga minna en 5% í útgefanda. Upplýsingar um 20 stærstu hluthafa útgefanda er að finna í kafla 8.5 í lýsingunni.

¹ Sjá frekari upplýsingar í kafla 8.5.1 í lýsingunni.

² Sjá frekari upplýsingar í kafla 8.5.1 í lýsingunni.

Helstu stjórnendur: Einar Örn Ólafsson (Forstjóri); Andri Geir Eyjólfsson (Framkvæmdarstjóri flugrekstrarsviðs) og Daníel Snæbjörnsson (framkvæmdarstjóri leiða- og áætlunarsviðs).

Endurskoðandi: Deloitte ehf. reg.no. 521098-2449, Dalvegi 30, Kópavogur, Iceland, er löggiltur endurskoðandi útgefanda.

B.2 – Hverjar eru helstu fjárhagslegu upplýsingar um útgefanda

Nema annað sé tilgreint eru allar fjárhagslegu upplýsingarnar hér að neðan í þúsundum bandaríkja dala. Tilteknar fjárhagslegar upplýsingar hafa verið námundaðar í samræmi við viðeigandi staðla. Af því leiðir að námundaðar upplýsingar um fjárhæðir í töflunum að neðan kunna ekki að ná þeirri samtölu sem neðangreind tafla gefur til kynna, en töflurnar tilgreina samtölu ónámundaðra talna. Fjárhagsupplýsingar innan sviga gefa til kynna neikvæða tölu.

Án þess að breyta álitinu á ársreikning félagsins fyrir árið 2023, benti Deloitte á skýrslu stjórnar og forstjóra og skýringu 2 við ársreikning ársins 2023 sem tilgreinir að nettó tap að fjárhæð USD 35,171 hafi verið á fjárhagsárinu. Eins og tilgreint er í skýrslu stjórnar og forstjóra og skýringu 2, gefur framangreint til kynna að það kunni að hafa verið óvissa um rekstrarforsendur félagsins.

Afmarkaðar samandregnar fjárhagsupplýsingar

Rekstrarreikningur

	Fyrir tímabilið 1 janúar 2024 – 30. Júní 2024	Fyrir tímabilið 1 janúar 2023 – 30. Júní 2023
Tekjur	132.773	105.884
Rekstrartap (EBIT)	(24.919)	(16.379)
Tap tímabilsins	(29.737)	(22.472)
	Fyrir fjárhagsárið sem endaði 31. desember 2023	Fyrir fjárhagsárið sem endaði 31. desember 2022
Tekjur	281.777	139.905
Rekstrartap (EBIT)	(20.686)	(43.786)
Tap tímabilsins	(35.171)	(47.794)

Efnahagsreikningur

	m.v. 30. júní 2024	m.v. 30. júní 2023
Heildar eignir	503.269	461.531
Heildar eigið fé	4.427	1.905
Heildar skuldbindingar	498.842	459.626

	m.v. 31. desember 2023	m.v. 31. desember 2022
Heildar eignir	461.531	405.139
Heildar eigið fé	1.905	36.239
Heildar skuldbindingar	459.626	368.900

Sjóðstreymi

	Fyrir tímabilið 1 janúar 2024 – 30. Júní 2024	Fyrir tímabilið 1 janúar 2023 – 30. Júní 2023
Nettó útfærði reiðufjár vegna rekstrarhreyfinga	15.631	42.357
Nettó útfærði reiðufjár vegna fjárfestingahreyfinga	(4.920)	(8.279)
Nettó innflærði reiðufjár vegna fjármögnunarhreyfinga	18.775	(16.295)
Hækkun / (lækkun) á reiðufé eða ígildi reiðufjár	29.486	17.783
	Fyrir fjárhagsárið sem endaði 31. desember 2023	Fyrir fjárhagsárið sem endaði 31. desember 2022
Nettó útfærði reiðufjár vegna rekstrarhreyfinga	17.130	(5.791)
Nettó útfærði reiðufjár vegna fjárfestingahreyfinga	(12.968)	(10.634)
Nettó innflærði reiðufjár vegna fjármögnunarhreyfinga	(19.923)	2.873
Hækkun / (lækkun) á reiðufé eða ígildi reiðufjár	(15.761)	(13.552)

B.3 Hverjir eru helstu sértæku áhættuþættir útgefandans?

Viðskipti útgefanda eru háð ýmsum áhættum og óvissuþáttum. Komi til þess að neðangreindir áhættuþættir verði að veruleika gætu þeir haft verulega neikvæð áhrif á viðskipti, fjárhagslega stöðu og rekstrarafkomu. Fjárfestar ættu því að fara vandlega yfir heildstæða umfjöllun um áhættuþætti í kaflanum sem ber yfirskriftina „Áhættuþættir“ (e. Risk Factors) í 1. kafla lýsingarinnar. Hér að neðan er samantekt yfir helstu áhættuþætti:

- Rekstur útgefanda hefur mikla fylgni við almennt íslenskt og alþjóðlegt efnahagslegt ástand sem getur haft neikvæð áhrif á starfsemi, niðurstöðu rekstrar, laust fé, fjárhagsstöðu og aðföng. Almennt efnahagslegt ástand, svo sem stöðnun í efnahagslegum vexti, breytingar á vaxtastigi, breytingar á gengi gjaldmiðla, atvinnustig og verðbólga, hvort sem er alþjóðlega eða

staðbundið geta haft neikvæð áhrif á rekstur félagsins. Útgefandi er með höfuðstöðvar á Íslandi og rekur flugleiðakerfi sitt með íslensku flugrekstrarleyfi. Mikill meirihluti starfsmanna og hluthafa eru íslenskir og töluvert hlutfall kostnaðar er í íslenskum krónum, s.s. launakostnaður. Efnahagslegt ástand Íslands hefur því áhrif á rekstur útgefanda.

- Mikil samkeppni er milli flugfélaga sem getur leitt til mikils þrýstings til að lækka álagningu. Útgefandi mætir mikilli samkeppni í öllum þáttum starfsemi sinnar. Samkeppnisstig milli flugfélaga er hátt og ákvarðanir um verð eru mjög háðar samkeppni frá öðrum flugfélögum. Almennu eru flugfélög útsett fyrir afsláttum af fargjöldum vegna lágs viðbótarkostnaðar við að bæta við farþegum í sæti sem annars væru auð. Nýir markaðsaðilar, samrunar, yfirtökur, samstarf milli aðila og aukið gagnsæi í verðlagningu gæti aukið á samkeppni.
- Flugfélög eru útsett fyrir og undir áhrifum af stöðu í alþjóðapólitík og refsiaðgerðum. Flugfélög geta orðið fyrir miklum áhrifum af atburðum utan þeirra stjórn, s.s. hryðjuverkaárásam, náttúruhamförum og sjúkdómafaröldrum. Sviptingar í alþjóða pólitík geta haft neikvæð áhrif á eftirspurn eftir skemmti- eða viðskiptaferðum, framboði á flugferðum á viðkomandi svæði og haft takmarkandi áhrif á getur til að afla flugvélaeldsneytis og annarra aðfanga.
- Flugfélög eru undir áhrifum af miklum árstíðarsveiflum í eftirspurn sem leiðir til þess að áföll á tilteknum árstíma getur haft meiri áhrif en ella. Minni eftirspurn, niðurfelling fluga og aðrir þættir sem hafa áhrif á nýtingu flugfélag þegar eftirspurn er mikil getur því haft hlutfallslega meiri áhrif en þegar eftirspurn er minni. Árstíðarsveiflur í veltu og tekjuöflun fylgir meiri áhætta á niðurstöðu fjárhagsársins en ella sem leiðir til þess að útgefandi er viðkvæmari fyrir áföllum, skorti á aðföngum eða utanaðkomandi áhrifum á eftirspurn. Áföll sem koma upp þegar eftirspurn er mikil getur haf neikvæð áhrif á niðurstöðu alls fjárhagsársins.
- Útgefandi er háður aðgengi að flugvöllum og á tilteknum hagfelldum tíma dags til að framkvæma viðskiptamódel sitt á sem bestan hátt. Aðgengi að flugvöllum á landfræðilegum markaði útgefanda, þ.m.t. að Keflavíkflugvelli, er nauðsynlegt til að viðhalda og opna nýjar flugleiðir að stórum samkeppnismörkuðum. Á sumu flugvöllum þarf flugfélag að afla leyfis til landingar og flugtaks á tilteknum tíma dags áður en hægt er að bjóða nýja þjónustu. Ef útgefandi getur ekki aflað slíkra heimilda getur það hamlað útgefanda frá því að keppa á verðmætum mörkuðum.
- Starfsemi útgefanda er háð upplýsingatæknikerfum. Ef slík kerfi starfa ekki með réttum hætti, hvort sem er vegna utanaðkomandi þátta eða ekki, getur það haft neikvæð áhrif á getu útgefanda til að starfa og þjónusta sína viðskiptavinum. Margir þættir geta leitt til kerfisbilunar og eru þeir margir utan stjórn útgefanda. Útgefandi hefur gripið til aðgerða til að minna áhættuna á kerfisbilun með það að markmiði að tryggja áframhaldandi starfsemi.
- Þeir markaðir sem útgefandi starfar á eru háðir stanslausum breytingum, sem byggjast á mörgum undirliggjandi þáttum. Af því leiðir að staða útgefanda, markaðshlutdeild, tekjur og hagnaður byggist á getu til að hanna og koma í framkvæmd áætlunum sem og aðstæðum á markaði hverju sinni. Þetta getur falið í sér að koma auga á álitleg tækifæri, s.s. með nýjum flugleiðum, val á réttum samstarfsaðilum, semja um hagfelld kjör, kaup á eignum eða félögum og samþætta þau rekstrinum, afla fjármögnunar þegar þörf er á og fylgni við lög og reglur. Það er engin trygging fyrir því að útgefandi getur aðlagast breyttum markaðsaðstæðum, tekið réttar viðskiptaákvæðanir eða spáð rétt fyrir um fjárhagsleg áhrif hreyfinga á markaði.

- Til að tryggja getu sína til að fylgja viðskiptaáætlun sinni treystir útgefandi á lykil meðlimi framkvæmdarstjórnar og aðra starfsmenn. Það er engin trygging fyrir því að viðkomandi starfsmenn starfi áfram hjá útgefanda. Til að takmarka áhættu af því að starfsmenn hætti hefur útgefandi gripið til aðgerða, þ.m.t. sett á stofn hvatakefi tengt hlutabréfum í útgefanda. Að auki stýrir útgefandi upplýsingakerfum sínum til að tryggja að þekking viðhaldist hjá útgefanda.
- Útgefandi er útsettur fyrir tapsáhættu ef kemur til framleigu á einni eða fleiri flugvélum, þ.e. áhættan á tapi ef viðskiptavinur eða mótaðili í framleigu flugvéla efnir ekki samningsbundnar skyldur sínar. Áhættan er beintengd við efndir á útistandandi skuldbindingum mótaðila útgefanda. Þó að útgefandi grípi til aðgerða til að koma til móts við þessa áhættu, svo sem með því að fá tryggingar fyrir efndum, mun slík áhætta ekki hverfa að öllu leyti.
- Rekstur flugfélaga er háður umfangsmiklu regluverki. Flugrekstrarleyfi fyrir íslensk flugfélög eru veitt af Samgöngustofu sem heimilar flugfélögum að starfa. Meðal þeirra þátta sem nauðsynlegt er til að afla flugrekstrarleyfi er nægilega reynslumikið starfsfólk, að hafa flugvélar við hæfi, viðeigandi gæðaeftirlitskerfi og að hafa sönnun fyrir rekstrarhæfi.
- Rekstur útgefanda er háður loftferðasamningum milli Íslands og viðeigandi þriðja ríkis. Þessir samningar eru endursemjalegir. Breytingar á loftferðastefnu annars hvors ríkisins getur leitt til uppsagnar samnings og haft neikvæð áhrif á rekstur útgefanda. Eftirlitsaðilar í flugrekstri, svo sem eftirlitsaðilinn á Íslandi, geta lagt á kvaðir sem geta haft áhrif á rekstrarhæfi útgefanda. Íslensk lög takmarka eignarhald aðila utan EES á flugfélögum við 49% og flugfélög verða að hafa höfuðstöðvar á Íslandi.

(C) Lykilupplýsingar um verðbréfin

C.1 Hverjir eru helstu eiginleikar verðbréfanna?

Tegund, flokkur og ISIN-númer. Hlutabréfin eru almenn skráð hlutabréf í félaginu. ISIN: IS0000032936.

Gjaldmiðill, eining, nafnverð, fjöldi útgefinna verðbréfa og tímalengd. Hlutabréfin eru gefin út í íslenskum krónum, að nafnvirði 1 kr. á hlut og eru ótímabundin.

Réttindi sem fylgja verðbréfunum, réttthæð og réttur til framsals. Hlutabréfin eru innbyrðis jafn rétthá (pari passu). Hlutabréf í félaginu eru öll í sama flokki. Komi til slita eða gjaldþrots útgefanda, hvort sem það er að eigin frumkvæði eða gegn vilja hans, fá eigendur hlutanna greitt í hlutfalli við hlutafjäreign sína og nota til þess það sem eftir er af eignum útgefanda eftir að allir aðrir kröfuhafar hafa fengið samþykktar kröfur greiddar. Engar takmarkanir á framsali fylgja hlutabréfunum.

Arðgreiðslustefna. Útgefandi gerir ekki ráð fyrir að greiða arð af hlutabréfunum í fyrirsjáanlegri framtíð. Arði getur aðeins verið úthlutað ef útgefandi hefur nægjanlegt óráðstafað eigið fé og frjálsa sjóði til að úthluta arði.

Lög sem gilda. Hlutabréfin hafa verið stofnuð í samræmi við íslensk lög

C.2 Hvar munu viðskipti með verðbréfin fara fram?

Hlutir útgefanda eru nú skráðir í Bandaríkjunum á Nasdaq First North Growth Market og munu viðskipti með þá hluti áfram fara fram undir auðkenninu "PLAY". Sótt verður um töku hlutabréfanna til viðskipta á Nasdaq Iceland undir merkinu "PLAY". Umsókn telst fullgerð þegar FME hefur samþykkt og birt lýsinguna og endanleg útgáfa umsóknarinnar hefur verið afhent Nasdaq Iceland ("**umsóknin**").

Í kjölfar umsóknarinnar mun Nasdaq Iceland birta endanlega ákvörðun um umsóknina og, ef hún er samþykkt, fyrsta mögulega viðskiptadag með almennu hlutabréfin ("**skráningin**").

C.3 – Hvað eru helstu sértæku áhættuþættirnir fyrir verðbréfin?

- Fjármagnsmarkaðir eru háðir sveiflum í verði og magni sem geta verið ótengdir rekstri eða spám einstakra félaga. Það leiðir til þess að markaðsverð og seljanleiki hlutabréfanna getur orðið fyrir miklum neikvæðum breytingum vegna almennra verðlækkana eða verðlækkana á hjá sambærilegum félögum. Markaðsverða hlutabréfanna getur einnig orðið fyrir áhrifum vegna væntinga til niðurstaðna úr rekstri útgefanda eða vegna breytinga á mati greinanda á útgefanda, óháð raunverulegum niðurstöðum úr rekstri. Þessir þættir eru ekki undir stjórn útgefanda.
- Seljanleiki hlutabréfanna er háður flökki sem er tengt raunverulegum eða væntum breytingum á rekstrarniðurstöðu útgefanda, breytingar á mati eða meðmælum greinenda, gengisbreytingum, breytingum á regluverki, almennum markaðsskilyrðum og öðrum þáttum. Sem dæmi um þetta er ef stór hluthafi myndi þurfa eða ákveða að selja allan hlut sinn í einu sem myndi auka framboð hlutabréfa sem myndi að öllum líkindum leiða til verðlækkunar. Markaðsvakt getur takmarkað seljanleikaáhættu.

(D) Lykilupplýsingar um útboð verðbréfanna til almennings

D.1 Hvaða skilyrði og tímaáætlun gildir um fjárfestingu í þessu verðbréfum?

Almennir skilmálar útboðsins og áætlaðar tímasetningar. Á ekki við. Þessi lýsing tekur ekki til hlutfjárútboðs.

Skráning og taka til viðskipta. Almennu hlutabréfin eru skráð á Nasdaq US. Gert er ráð fyrir að skráning hlutabréfanna á aðalmarkað Nasdaq Iceland verði samþykkt á eða í kringum 6. – 9. ágúst 2024 og að taka hlutabréfanna til viðskipta á Nasdaq Iceland hefjist á eða í kringum 6. – 9. ágúst 2024.

Dreifingaráætlun. Á ekki við. Þessi lýsing tekur ekki til hlutfjárútboðs.

Tilboðsverð og verðbil. Á ekki við. Þessi lýsing tengist ekki hlutfjárútboði.

Áætlaður kostnaður. Kostnaður við skráninguna samanstendur af tilskildum gjöldum til FME og Nasdaq Iceland auk lögfræði- og umsýslukostnaði, kostnaði við fjármálaráðgjafa, útgáfukostnað og skatta, ef við á. Útgefandi áætlar að heildarkostnaður við skráninguna verði um 15.000.000 kr.

D.2 Hver er tilboðsgjafinn?

Á ekki við. Þessi lýsing tekur ekki til hlutfjárútboðs.

D.3 Hvers vegna er staðið að gerð lýsingarinnar?

Ástæður fyrir töku til viðskipta. Útgefandinn telur að skráningin sé rökrétt og mikilvægt skref í þróun félagsins. Þá er tímasetningin viðeigandi með hliðsjón af stöðu og þróun félagsins.

Áætlað söluandvirði og ráðstöfun þess. Á ekki við. Þessi lýsing tekur ekki til hlutfjárútboðs.

Hagsmunaárekstrar. Arctica Eignarhaldsfélag ehf, móðurfélag Arctica Finance, ráðgjafa útgefanda er hluthafi í útgefanda, A/F Stilla slhf., sérhæfður sjóður þar sem Arctica Finance er fjárfestir er hluthafi í útgefanda. Frekari upplýsingar er að finna í kafla 3.2 í lýsingunni.